

4. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 6.9. 2022, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Undir 1. dagskrárlið var mættur Skarphéðinn Smári Þórhallsson, undir 3. Dagskrárlið (a og b lið) og undir 7. dagskrárlið voru mættir Jóhann G. Gunnarsson og Jón Hávarður Jónsson.

Samþykkt að taka á dagskrá fundargerð fjallskilaneftndar 3. september undir 3 dagskrárlið.

Dagskrá:

1. Úrgangsmál
2. Svæðisskipulag Austurlands
3. Fjármál:
 - a. Fjallskilasamþykkt Austurlands
 - b. Greinargerð um lausagöngu geita. Kristinn Bjarnason
 - c. Fjárflutningar
4. Stofnsamningur Héraðsskjalasafns, önnur umræða.
5. Samningur um grenjavinnslu
6. Erindi frá starfshópi um vindorku.
7. Veiðistjórnun hreindýra á svæði 2. Jóhann G. Gunnarsson og Jón Hávarður Jónsson
8. Nefndir
9. Fögur framtíð í Fljótsdal
10. Fundargerðir:
 - a. Skipulags og byggingarnefndar 20.08.2022
 - b. Sambands íslenskra sveitarfélaga 26.8.2022
 - c. Samfélagsnefndar
 - d. SSA
 - e. Austurbrú
 - f. Almannafræðingur 21.7.2022
11. Erindi um bókaútgáfu
12. Skýrsla sveitarstjóra

13. Önnur mál

1. Úrgangsmál

Skarphéðinn Smári Þórhallsson lagði fram fyrstu tillögu að stjórnun úrgangsmála og samþykkt var að fela umhverfisnefnd, sem til stendur að stofna ásamt sveitarstjóra málið til frekari vinnslu.

2. Svæðisskipulag Austurlands

Lögð fram tillaga að Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 og tilheyrandi umhverfismatsskýrsla, ásamt fundargerð svæðisskipulagsnefndar dags. 2.9.2022. Fundargerðinni fylgir minnisblað þar sem nefndin svarar athugasemdum sem bárust við svæðisskipulagstillögu og umhverfismatsskýrslu sem auglýstar voru skv. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021, þann 7.7.2022. Í fundargerðinni leggur svæðisskipulagsnefnd til að sveitarstjórnir á Austurlandi samþykki svæðisskipulagstillöguna með þeim lagfæringum sem lýst er í fylgiskjali fundargerðar og færðar hafa verið inn í svæðisskipulagstillögu og umhverfismatsskýrslu.

Sveitarstjórn Fljótisdalshrepps samþykkir samhljóða framlagða tillögu að Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 og tilheyrandi umhverfismatsskýrslu, með vísan í 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga og 16. gr. laga um umhverfismat áætlana. Jafnframt felur sveitarstjórn svæðisskipulagsnefnd að vinna málið áfram í samræmi við fyrirmæli 3. mgr. 25. gr. skipulagslaga.

3. Fjármál

a. Fjallskilasamþykkt Austurlands

Fram komu athugasemdir við síðustu setningu 11. greinar samþykktarinnar og afgreiðslu var frestað.

b. Greinargerð um lausagöngu geita

Sveitarstjórn samþykkir að byrja vinnu við búfjársamþykkt fyrir sveitarfélagið samanber 4. grein laga um búfjárhald nr. 38/2013.

c. Fjárflutningar

Erindi frá Jósep Valgarð Þorvaldssyni vegna greiðslu fyrir fjárflutninga. Erindið samþykkt og að fyrirkomulag á greiðslum vegna fjárflutninga verði óbreytt þetta árið en á næsta ári verða gerðar breytingar til lækkunar eða þær afnumdar.

d. Fundargerð fjallskilanefndar

Kynnt. Samþykkt að greiða fyrir 4 dagsverk á Hraunum vegna smölunar.

4. Stofnsamningur Héraðsskjalasafnsins, seinni umræða

Samþykktur samhljóða

5. Samningur um grenjavinnslu

Samningur við refaveiðimenn er samþykktur til 1 árs og svæði sem losnaði 2022 verður auglýst að ári liðnu.

6. Erindi frá starfshópi um vindorku

Samþykkt að sveitarstjóri og lögfræðingar sveitarfélagsins sendi starfshópnum sjónarmið og áherslur sveitarfélagsins varðandi málið.

7. Veiðistjórnun hreindýra á svæði 2

Jóhann G. Gunnarsson og Jón Hávarður Jónsson kynntu stöðu veiðistofns hreindýra á svæði 2 og hvernig veiðarnar hefðu þróast síðustu árin.

Eftir framkomnar upplýsingar lýsir sveitarstjórn yfir verulegum áhyggjum um stöðu hreindýrastofnsins. Veiðistofn hreindýra á svæði 2 og minnkandi arður landeiganda af honum og samþykkir að beina því til hreindýraráðs og fagstofnana, að stofninn á svæði 2 verði friðaður í einhvern tíma, jafnvel næstu tvö ár til að gefa dýrunum næði til að koma aftur inn á svæðið.

8. Nefndir

Samþykkt að setja á stofn nefnd þar sem loftslags-, úrgangs- og umhverfismál almennt verða megin viðfangsefni. Sveitarstjóra falið að hafa samband við áhugasama í sveitinni, sérstaklega yngri kynslóðina.

9. Fögur Framtíð í Fljótsdal

Samningur við Austurbrú vegna Fagrar Framtíðar í Fljótsdal rennu út um áramótin. Fljótlega þarf að huga að framhaldi verkefnisins ásamt því að meta árangurinn af því sem gert hefur verið. Stefnt er á að halda samfélagsþing í nóvember.

10. Fundargerðir

a. Skipulags og byggingarnefndar 20.08.2022

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti framlagða uppdrætti fyrir 3 smáhýsunum í landi Brekkugerðishúsa. Að öðru leiti er fundargerð kynnt.

b. Sambands íslenskra sveitarfélaga 26.8.2022

Kynnt.

c. Samfélagsnefnd 18.8.2022

Kynnt.

d. SSA 17.1.2022, 7.2.2022, 7.3.2022, 22.4.2022, 4.4.2022, 19.5.2022, 20.5.2022

Kynnt.

e. Austurbrú 17.1.2022, 7.2.2022, 7.3.2022

Kynnt.

f. Almannaþing 21.7.2022

Kynnt.

11. Erindi um bókaútgáfu

Erindinu hafnað.

12. Skýrsla sveitarstjóra

Verið er að endurskipuleggja ljósleiðaramál í sveitarfélaginu. Guðmundur Gunnarsson hjá Raftel ehf. var fengin til að útbúa minnisblað um þá valkosti sem sveitarfélagið hefur. Í tengslum við lagningu ljósleiðarakerfis HEF veitna hefur komið fram að e.t.v. væri æskilegt að ljósleiðarakerfi í eigu Fljótsdalshrepps yrði til framtíðar tengt við ljósleiðarakerfi HEF veitna. Sveitarstjóra falið að undirbúa samning við HEF vegna tengingar á ljósleiðurunum.

Búið er að leggja báðar göngubrýrnar á Hengifossá.

Framkvæmdum á gangnaskála í Fjallaskarði er að ljúka.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar kom í heimsókn 25.8.2022 og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps bauð í mat á Skriðuklaustri. Þar flutti Skúli Björn Gunnarsson erindi um búsetuminjar í Fljótsdal. Næst var farið í Óbyggðasetrið og tók Steingrímur Karlsson á móti og sagði frá starfseminni þar og sýndi nýja hótélálm. Að því loknu ræddu sveitarstjórnir málin. Stefnt að næsta fundi í nóvember.

Íbúðirnar á Hallormsstað sem er sameign Fljótsdalshrepps og Múlapings eru að fara í sölufarli.

Búið er að endurnýja göngubrú yfir Strútsá.

Réttardagur verður 17.9.2022.

Stefnt er á að fara í lagfæringar á vegslóða í Geldingafelli og er áætlað 500.000-1.000.000 kr. í verkið.

13. Önnur mál

Aðalfundur SSA verður haldin 8 og 9 september á Breiðdalsvík.

Landeigendur eru hvattir til að passa upp á að skilja ekki eftir í reiðileysi bindigarn eða aðra hluti sem skepnur geta fest í.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:57

Lárus ritaði fundargerð í tölvu